

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listaverkasafn Valtýs Péturssonar.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Listaverkasafn Valtýs Péturssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Reykjavíkurborg.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að halda heiðri Valtýs Péturssonar, sem listmálara og gagnrýnanda á lofti og sjá til þess að arfleifð hans sem listamanns verði varðveitt og henni tryggður verðugur sess í íslenski listasögu og að listaverk hans komist í góða varanlega geymslu. Um leið er tilgangur stofnunarinnar að tryggja framkvæmd arfleifðsluvilja ekkju Valtýs, Herdísar Vigfúsdóttur. Þá skal stofnunin annast um að yfirfara, flokka og skrá öll verk Valtýs og samverkamanna hans sem nú eru geymd að Fjólugötu 5 í Reykjavík og tryggja viðeigandi varðveislu verkanna þar til þeim verður komið fyrir annars staðar.

Þá skal stofnunin vinna í samræmi við erfðaskrá Herdísar að því að finna listasöfn sem treysta sér til að varðveita helstu verk Valtýs og gera þeim góð skil.

Þá skal stofnunin vinna að útgáfu bókar um listamanninn/gagnrýnandann Valtý Pétursson. Í slíkri bók skal gerð grein fyrir helstu verkum Valtýs á mismunandi tímabilum og mögulega rætt við samtímamenn listamannsins ásamt því að birta myndir af verkum hans og gera arfleifð hans þar með aðgengilega öllum almenningi.

4. gr.

<i>Stofnendur stofnunarinnar eru:</i>		<i>Framlagsfé í kr.:</i>
Dánarþú Herdísar Vigfúsdóttur	kt. 100925-2739	800.000
Guðmundur Ingólfsson	kt. 280446-2979	200.000
Halla Hauksdóttir	kt. 210546-2519	200.000

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.200.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnendur leggja stofnuninni að auki til safn málverka Valtýs Péturssonar og samverkamanna hans. Stofnunin skal annast varðveislu verkanna og sjá um að koma þeim hluta þeirra sem unnt er til innlendra listasafna. Þá er stofnuninni og lagt til safn ritverka Valtýs Péturssonar um myndlist og skal stofnunin sjá um að koma þeim til innlendra listasafna. Þá er stofnuninni og lagt til safn grænlenkra túbilakka úr eigu Valtýs Péturssonar og Herdísar Vigfúsdóttur og skal stofnunin sjá um að koma þeim til eignar og varðveislu safna um grænlenst handverk á Grænlandi eða í Danmörku.

Stofnunin fjármagnar rekstur sinn með sölu málverka Valtýs Péturssonar úr safninu. Farið skal yfir listaverkasafnið og valinn nokkur fjöldi mynda sem bjóða má til sölu. Fenginn skal sérfræðingur til að meta verðgildi verkanna. Andvirði seldra verka skal varið til að tryggja framkvæmd markmiða stofnunarinnar skv. 3. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að öðlast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til fimm ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Halla Hauksdóttir og Guðmundur Örn Ingólfsson tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir, og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki meirihluta stjórnarmanna stofnunarinnar. Slík ákvörðun skal svo borin skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til styrktar Listasafni Íslands.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 20. maí 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.